

NÁMSBRAUT

| | |
|--------------------|---------------------------------------|
| Titill brautar: | Námsleið: |
| Teiknibraut | viðbótarnám við framhaldsskóla |

Lýsing:

Nám á teiknibraut er tveggja ára nám í teikningu þar sem áhersla er lögð á að nemandinn kynnist öllum helstu aðferðum og tækni teiknarans, bæði til að styrkja grunn nemandans til að takast á við myndskreytingu á fjölbreytilegan hátt og vinna við sjálfstæða listsköpun þar sem teikningin er lögð til grundvallar. Rík áhersla er lögð á hugmyndavinnu í tengslum við alla verklega vinnu nemandans. Fræðilegt nám á brautinni miðar að því að dýpka fagþekkingu nemandans, auka víðsýni hans og getu til að setja verk sín í samhengi við samfélagið og listheiminn og efla kjark til frekari rannsókna og tilrauna með miðilinn. Að loknu námi getur nemandi sótt um að ljúka BA gráðu við listaháskóla og er þá undir viðkomandi háskóla komið hvort og að hve miklu leyti námið er metið til háskólaeininga.

GRUNNUPPLÝSINGAR

MEGINATRÍÐI BRAUTARLÝSINGAR

Inntökuskilyrði:

Inntökuskilyrði á brautina er stúdentspróf af listnámsbraut eða sambærileg menntun. Umsækjendur skila inn skissubókum og möppu með sýnishornum af eigin verkum. Umsækjendur eru ennfremur kallaðir í viðtal við inntökunefnd.

Skipulag:

Nám á teiknibraut er 120 framhaldsskólaeiningar þar sem nemandi tileinkar sér hæfni á fjórða þrepi. Námið skiptist í fjórar annir og er unnið er út frá ákveðnum grunnþætti á hverri um sig. Möguleikar viðfangsefnisins eru skoðaðir frá ýmsum sjónarhornum og tilraunir gerðar með nýjar leiðir að efni og aðferðum. Vettvangur er skapaður fyrir frjóa umræðu og fræðimenn og fagfólk úr ólíkum áttum er fengið til að varpa ólíku ljósi á námsefnið og draga fram tengsl þess við sögu og samfélag. Á hverri önn fer samhliða fram kennsla í hugmyndavinnu og verkstæðisvinnu en milli þeirra áfanga er mikið flæði þar sem þróun verka og hugmynda haldast í hendur. Í lok hvernar annar vinnur nemandi sjálfstætt að eigin verkum. Námið er að stórum hluta verklegt en u.þ.b.

fjórðungur af öllum áföngum er fræðilegt nám. Til fræðilegra áfanga teljast fagsaga, hönnunarsaga, listasaga og málstofa sem er vettvangur fyrir margvíslega umræðu um greinina, auk þess sem nemendur fá innsýn í heimspeki, fjármál og fjalla á gagnrýninn hátt um mál sem brenna á samfélaginu á hverjum tíma. Með þessu er leitast við að skoða teikninguna í stærra samhengi og víðara ljósi. Áfangar eru ýmist kenndir yfir alla önnina eða í styttri lotum.

Námsmat

Námsmat tekur mið af þeim námsmarkmiðum sem sett eru fram í áfangalýsingu. Í kennslulýsingu er kveðið á um verkefnaskil og með hvaða hætti mat verður lagt á vinnu nemenda í áfanganum. Umgjörð námsmats er útfærð í skólanámskrá en námsmat við skólann byggir á símati með áherslu á fjölbreyttar matsleiðir til að mæta ólíkum þörfum nemenda. Í verklegu námi tekur matið í senn til hæfni nemenda í viðkomandi grein og getu þeirra til að tjá sig og fjalla um viðfangsefnið skriflega, munnlega eða með öðrum hætti. Auk einkunnar fá nemendur leiðbeinandi umsögn við lok flestra áfanga. Í samráði við námsráðgjafa eru fundnar leiðir til úrlausnar verkefna fyrir nemendur sem greindir hafa verið með tiltekna námsörðugleika.

Starfsnám:

Reglur um námsframvindu:

Til að ljúka áfanga þarf nemandi að fá einkunnina 5. Nánar er kveðið á um námsframvindu og ástundun í skólanámskrá.

Hæfniviðmið:

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...

- vinna sjálfstætt að skilgreindum verkefnum
- vinna markvisst að þróun hugmynda
- beita faglegum vinnubrögðum
- miðla listrænni sýn og metnaði í verkum sínum
- eiga í góðum samskiptum við fólk og geta unnið í nánu samstarfi með öðrum
- miðla upplýsingum um eigin verk með greinargóðum hætti
- viðhalda þekkingu sinni og þjálfun með því að fylgjast með nýjungum, viðburðum og umræðu á sínu sviði
- gera sér grein fyrir ábyrgð listamannsins/hönnuðarins gagnvart samfélagi og umhverfi
- þekkja starfsumhverfi í sínu fagi og fjölbreyttar leiðir til að koma verkum sínum á framfæri

Annir, áfangar, einingar

Myndheimur

| | | |
|-----------|-------------------|----|
| HUGM4TM03 | Myndheimur | 3 |
| LIST4NL02 | Nútíminn | 2 |
| MÁLS4TM04 | Myndheimur | 4 |
| MÓDE4MU08 | Maður og umhverfi | 8 |
| TEIK4EA09 | Myndheimur | 9 |
| VSTÆ4TM04 | Myndheimur | 4 |
| | | 30 |

Frásögn

| | | |
|-----------|--|----|
| HUGM4TF03 | Frásögn | 3 |
| MÁLS4TF04 | Frásögn | 4 |
| MAPP4SF04 | Starfsþróun, myndvinnsla og ferilmappa | 4 |
| SAGA4FT04 | Saga teiknilistarinnar | 4 |
| TEIK4MF11 | Frásögn | 11 |
| VSTÆ4TF04 | Frásögn | 4 |
| | | 30 |

Hreyfing

| | | |
|-----------|----------------------------------|----|
| HUGM4TH03 | Hreyfing | 3 |
| MÁLS4TH04 | Hreyfing | 4 |
| MÓDE4MÓ02 | Mótun | 2 |
| NÁMS4NF05 | Námsferð | 5 |
| SAGA4FH02 | Fagsaga teikningar, hreyfimyndir | 2 |
| TEIK4HR10 | Hreyfing | 10 |
| VSTÆ4TH04 | Hreyfing | 4 |
| | | 30 |

Samvinna

| | | |
|-----------|---------------|----|
| HUGM4TS03 | Samvinna | 3 |
| LIST4SL02 | Samtíminn | 2 |
| MÁLS4TS04 | Samvinna | 4 |
| MÓDE4MT05 | Módelteikning | 5 |
| TEIK4SM12 | Samvinna | 12 |
| VSTÆ4TS04 | Samvinna | 4 |
| | | 30 |

Einingar brautar alls

120

Áfangar á teiknibraut:

Námsgrein: Hugmyndavinna

HUGM4MH03 Myndheimur

Lýsing

Í áfanganum kynnist nemandinn aðferðum við að skrá hugmyndir, halda utan um þær og þróa þær áfram. Nemandinn er hvattur til að vinna reglulega í skissubók með það að markmiði efla og styrkja myndmál sitt. Nemandinn er einnig hvattur til að teikna það sem fyrir augu ber dags daglega til að efla skynjun sína á hlutföllum, rými og hreyfingu og auka færni við að koma andrúmslofti til skila í teikningu. Lögð er rík áhersla á leikgleði, tilraunastarfsemi og persónulega tjáningu. Í umræðum innan áfangans öðlast nemandinn þjálfun í að segja frá hugmyndum sínum og verkum og færa rök fyrir máli sínu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- vægi skissubókarinnar í daglegu starfi teiknarans
- fjölbreyttum aðferðum sem notaðar eru til að skrá rými, hreyfingu og andrúmsloft með teikningu
- markvissum aðferðum við að þróa persónulegar áherslur í teikningu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita markvissum vinnubrögðum í skissuvinnu
- fanga hreyfingu í teikningu
- tjá sig um hugmyndir sínar og verk og færa rök fyrir máli sínu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna jafnt og þétt að því að bæta teiknileikni sína
- nota skissubókina sem uppsprettu hugmynda og til að halda utan um safn minninga
- að tjá sig af öryggi um eigin verk og hugmyndir

HUGM4TM03 Frásögn

Lýsing

Markmiðið með áfanganum er að nemandinn dýpki aðferðir sínar við að skrá hugmyndir, halda utan um þær og þróa þær áfram. Nemandinn er hvattur til að vinna reglulega í skissubók með það að markmiði efla og styrkja myndmál sitt og til að auka hæfni sína í að myndgera skáldaða hugarheima og persónugerðir. Lögð er rík áhersla á leikgleði, tilraunastarfsemi og persónulega tjáningu. Í umræðum innan áfangans öðlast nemandinn þjálfun í að segja frá hugmyndum sínum og verkum og færa rök fyrir máli sínu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- vægi skissubókarinnar í daglegu starfi teiknarans
- fjölbreyttum aðferðum til að myndgera skáldaða hugmyndaheima og persónugerðir
- markvissum aðferðum við að þróa persónulegar áherslur í teikningu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita markvissum vinnubrögðum í skissuvinnu
- teikna skáldaða hugmyndaheima og persónugerðir
- tjá sig um hugmyndir sínar og verk og færa rök fyrir máli sínu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna jafnt og þétt að því að bæta teiknileikni sína
- nota skissubókina sem uppsprettu hugmynda og til að halda utan um safn minninga
- að tjá sig af öryggi um eigin verk og hugmyndir

HUGM4TH03 Hreyfing

Lýsing

Markmiðið með áfanganum er að nemandinn dýpki aðferðir sínar við að skrá hugmyndir, halda utan um þær og þróa þær áfram. Nemandinn er hvattur til að vinna reglulega í skissubók með það að markmiði efla og styrkja myndmál sitt og til að auka hæfni sína í að fanga hreyfingu í teikningu. Lögð er rík áhersla á leikgleði, tilraunastarfsemi og persónulega tjáningu. Í umræðum innan áfangans öðlast nemandinn þjálfun í að segja frá hugmyndum sínum og verkum og færa rök fyrir máli sínu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- vægi skissubókarinnar í daglegu starfi teiknarans

- fjölbreyttum aðferðum til að koma hreyfingu til skila í teikningu
- markvissum aðferðum við að þróa persónulegar áherslur í teikningu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita markvissum vinnubrögðum í skissuvinnu
- fanga hreyfingu í skissuvinnu
- tjá sig um hugmyndir sínar og verk og færa rök fyrir máli sínu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna jafnt og þétt að því að bæta teiknileikni sína
- nota skissubókina sem uppsprettu hugmynda og til að halda utan um safn minninga
- að tjá sig af öryggi um eigin verk og hugmyndir

HUGM4TS03 Samvinna

Lýsing

Markmiðið með áfanganum er að nemandinn dýpki aðferðir sínar við að skrá hugmyndir, halda utan um þær og þróa þær áfram í samstarfi við aðra. Nemandinn er hvattur til að vinna reglulega í skissubók með það að markmiði efla og styrkja myndmál sitt. Lögð er rík áhersla á leikgleði, tilraunastarfsemi og persónulega tjáningu. Í umræðum innan áfangans öðlast nemandinn þjálfun í að segja frá hugmyndum sínum og verkum og færa rök fyrir máli sínu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- vægi skissubókarinnar í daglegu starfi teiknarans
- fjölbreyttum aðferðum til að koma hugmyndum til skila í teikningu
- aðferðum til að þróa hugmyndir í samstarfi við aðra

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita markvissum vinnubrögðum í skissuvinnu
- þróa hugmyndir í samstarfi við aðra
- tjá sig um hugmyndir sínar og verk og færa rök fyrir máli sínu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna jafnt og þétt að því að bæta færni sína í hugmyndavinnu í hóp

- nota skissubókina sem uppsprettu hugmynda og til að halda utan um safn minninga
- að tjá sig af öryggi um eigin verk og hugmyndir

Námsgrein: Listasaga

LIST4NL02 Nútímalist

Lýsing

Markmið áfangans er að dýpka skilning nemandans á tengslum sögu og samtíðar og efla hæfni hans í að nýta þekkingu sína á listasögunni í verklegu námi og framtíðarlistsköpun. Sjónum er beint að tímabilinu frá miðri 19. öld og fram yfir seinni heimsstyrjöld og fjallað um helstu strauma og stefnur í myndlist og rýnt í fjölbætt efnistöð, tækni og aðferðir. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á áhrif þessa tímabils á myndlist, hönnun og listhandverk dagsins í dag. Nemandinn kynnist ýmsum lykilverkum myndlistarinnar og tengir við helstu stefnur og strauma á tímabilinu og dýpkar jafnframt hæfni sína í að fjalla um sjónlistir á gagnrýninn og fræðilegan hátt.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu lykilverkum vestrænnar lista- og hönnunarsögu frá iðnbyltingu og fram yfir seinni heimsstyrjöld
- samhenginu milli sögu og samtíðar
- fjölbreyttu orðfæri og hugtökum um listir og hönnun

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina verk út frá sjónrænum þáttum á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt
- greina áhrif sögunnar á verk og hugmyndir í samtímanum
- fjalla um sjónlistir á gagnrýninn og fræðilegan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fjalla af þekkingu og víðsýni um helstu lykilverk lista- og hönnunarsögu frá iðnbyltingu fram yfir síðari heimsstyrjöld
- skrifa skýran, fræðilegan og greinandi texta um samhengi sögu og samtíma og taka þátt í gagnrýninni umræðu um menningu, listir og sögu
- beita þekkingu sinni á listasögunni í verklegu námi og í framtíðarlistsköpun á sínu sviði

LIST4SL02 Samtímalist

Lýsing

Markmið áfangans er að dýpka skilning nemandans á tengslum sögu og samtíðar og efla hæfni hans í að nýta þekkingu sína á listasögunni í verklegu námi og framtíðarlistsköpun. Sjónum er beint að tímabilinu frá 1960 til dagsins í dag og fjallað um helstu strauma og stefnur í myndlist og rýnt í fjölbætt efnistöð, tækni og aðferðir. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á áhrif þessa tímabils á myndlist, hönnun og listhandverk samtíðarinnar. Nemandinn kynnist ýmsum lykilverkum myndlistarinnar og tengir við helstu stefnur og strauma á tímabilinu og dýpkar jafnframt hæfni sína í að fjalla um sjónlistir á gagnrýninn og fræðilegan hátt.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu lykilverkum vestrænnar lista- og hönnunarsögu á tímabilinu frá 1960 til dagsins í dag
- samhenginu milli sögu og samtíðar
- fjölbreyttu orðfæri og hugtökum um listir og hönnun

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina verk út frá sjónrænum þáttum á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt
- greina áhrif sögunnar á verk og hugmyndir í samtímanum
- fjalla um sjónlistir á gagnrýninn og fræðilegan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- að fjalla af þekkingu og víðsýni um helstu lykilverk lista- og hönnunarsögu á tímabilinu frá 1960 til dagsins í dag
- skrifa skýran, fræðilegan og greinandi texta um samhengi sögu og samtíma og taka þátt í gagnrýninni umræðu um menningu, listir og sögu
- beita þekkingu sinni á listasögunni í verklegu námi og í framtíðarlistsköpun á sínu sviði

Námsgrein: Málstofa

MÁLS4TM04 Myndheimur

Lýsing

Áfanginn er vettvangur fyrir víðfeðma fræðilega umræðu og faglega gagnrýni þar sem nemandinn er leiddur inn í margbrotinn heim myndlistar, hönnunar, listhandverks og menningar. Markmiðið er að opna umræðu um helstu strauma, stefnur og gerendur í heimi teikningarinnar og að varpa ljósi á hugmyndir, hugtök og kenningar sem stuðst er við og dýpka þannig skilning nemandans á eðli greinarinnar. Vettvangsferðir eru hluti af viðfangsefni áfangans þar sem margs konar menningarviðburðir eru skoðaðir, gagnrýndir og metnir. Viðhorf og verk ýmissa hönnuða, lista- og fræðimanna eru til umfjöllunar og nemandinn fær tækifæri til að rýna í hugmyndir þeirra.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi faglegrar gagnrýni og umræðu um listir, menningu, listhandverk og hönnun
- hugmyndum og verkum ólíkra teignara
- helstu hugmyndum, hugtökum og kenningum um strauma og stefnur teikningu og myndlist
- grunnhugtökum sem tengjast fjármálum, viðskiptum og sköttum
- grunnhugtökum í sálfræði og heimspeki til að skoða eigin sjálfsmynd og rýna í samfélagið og heiminn

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ræða faglega og gagnrýnið um teikningu, bæði eigin verk og annarra
- lesa og ræða um margvíslegt fræðiefni um teikningu í því skyni að dýpka skilning sinn á eðli fagsins
- taka þátt í umræðum um eigin verk og verk annarra
- tjá hugmyndir sínar í samræðu
- rýna í samfélagið og umhverfið og safna kveikjum og hugmyndum til að vinna með síðar
- greina stefnur og strauma og taka afstöðu til málefna liðandi stundar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka faglega og gagnrýna afstöðu í umræðu um eigin verk og annarra
- vitna til fræðilega kenninga í umræðu um teikningu
- beita helstu hugtökum sem notuð eru í fræðikenningum sem fjalla um strauma, stefnur og listaverk
- gera sér skýra mynd af hlutverki sínu sem listamaður og manneskja og þeim margvíslegu möguleikum sem í því felst

MÁLS4TF04 Frásögn

Lýsing

Áfanginn er vettvangur fyrir víðfeðma fræðilega umræðu og faglega gagnrýni þar sem nemandinn er leiddur inn í margbrotinn heim myndlistar, hönnunar, listhandverks og menningar. Markmiðið er að opna umræðu um helstu strauma, stefnur og gerendur í heimi teikningarinnar og að varpa ljósi á hugmyndir, hugtök og kenningar sem stuðst er við og dýpka þannig skilning nemandans á eðli greinarinnar. Vettvangsferðir eru hluti af viðfangsefni áfangans þar sem margs konar menningarviðburðir eru skoðaðir, gagnrýndir og metnir. Viðhorf og verk ýmissa hönnuða, lista- og fræðimanna eru til umfjöllunar og nemandinn fær tækifæri til að rýna í hugmyndir þeirra.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi faglegrar gagnrýni og umræðu um listir, menningu, listhandverk og hönnun
- hugmyndum og verkum ólíkra teignara
- helstu hugmyndum, hugtökum og kenningum um strauma og stefnur teikningu og myndlist
- grunnhugtökum sem tengjast fjármálum, viðskiptum og sköttum
- grunnhugtökum í sálfræði og heimspeki til að skoða eigin sjálfsmynd og rýna í samfélagið og heiminn

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ræða faglega og gagnrýnið um teikningu, bæði eigin verk og annarra
- lesa og ræða um margvíslegt fræðiefni um teikningu í því skyni að dýpka skilning sinn á eðli fagsins
- taka þátt í umræðum um eigin verk og verk annarra
- tjá hugmyndir sínar í samræðu
- rýna í samfélagið og umhverfið og safna kveikjum og hugmyndum til að vinna með síðar
- greina stefnur og strauma og taka afstöðu til málefna liðandi stundar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka faglega og gagnrýna afstöðu í umræðu um eigin verk og annarra
- vitna til fræðilega kenninga í umræðu um teikningu
- beita helstu hugtökum sem notuð eru í fræðikenningum sem fjalla um strauma, stefnur og listaverk
- gera sér skýra mynd af hlutverki sínu sem listamaður og manneskja og þeim margvíslegu möguleikum sem í því felst

MÁLS4TH04 Hreyfing

Lýsing

Áfanginn er vettvangur fyrir víðfeðma fræðilega umræðu og faglega gagnrýni þar sem nemandinn er leiddur inn í margbrotinn heim myndlistar, hönnunar, listhandverks og menningar. Markmiðið er að opna umræðu um helstu strauma, stefnur og gerendur í heimi teikningarinnar og að varpa ljósi á hugmyndir, hugtök og kenningar sem stuðst er við og dýpka þannig skilning nemandans á eðli greinarinnar. Vettvangsferðir eru hluti af viðfangsefni áfangans þar sem margs konar menningarviðburðir eru skoðaðir, gagnrýndir og metnir. Viðhorf og verk ýmissa hönnuða, lista- og fræðimanna eru til umfjöllunar og nemandinn fær tækifæri til að rýna í hugmyndir þeirra.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi faglegrar gagnrýni og umræðu um listir, menningu, listhandverk og hönnun
- hugmyndum og verkum ólíkra teignara
- helstu hugmyndum, hugtökum og kenningum um strauma og stefnur teikningu og myndlist
- grunnhugtökum sem tengjast fjármálum, viðskiptum og sköttum
- grunnhugtökum í sálfræði og heimspeki til að skoða eigin sjálfsmynd og rýna í samfélagið og heiminn

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ræða faglega og gagnrýnið um teikningu, bæði eigin verk og annarra
- lesa og ræða um margvíslegt fræðiefni um teikningu í því skyni að dýpka skilning sinn á eðli fagsins
- taka þátt í umræðum um eigin verk og verk annarra
- tjá hugmyndir sínar í samræðu
- rýna í samfélagið og umhverfið og safna kveikjum og hugmyndum til að vinna með síðar
- greina stefnur og strauma og taka afstöðu til málefna liðandi stundar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka faglega og gagnrýna afstöðu í umræðu um eigin verk og annarra
- vitna til fræðilega kenninga í umræðu um teikningu
- beita helstu hugtökum sem notuð eru í fræðikenningum sem fjalla um strauma, stefnur og listaverk
- gera sér skýra mynd af hlutverki sínu sem listamaður og manneskja og þeim margvíslegu möguleikum sem í því felst

MÁLS4TS04 Samvinna

Lýsing

Áfanginn er vettvangur fyrir víðfeðma fræðilega umræðu og faglega gagnrýni þar sem nemandinn er leiddur inn í margbrotinn heim myndlistar, hönnunar, listhandverks og menningar. Markmiðið er að opna umræðu um helstu strauma, stefnur og gerendur í heimi teikningarinnar og að varpa ljósi á hugmyndir, hugtök og kenningar sem stuðst er við og dýpka þannig skilning nemandans á eðli greinarinnar. Vettvangsferðir eru hluti af viðfangsefni áfangans þar sem margs konar menningarviðburðir eru skoðaðir, gagnrýndir og metnir. Viðhorf og verk ýmissa hönnuða, lista- og fræðimanna eru til umfjöllunar og nemandinn fær tækifæri til að rýna í hugmyndir þeirra.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi faglegrar gagnrýni og umræðu um listir, menningu, listhandverk og hönnun

- hugmyndum og verkum ólíkra teignara
- helstu hugmyndum, hugtökum og kenningum um strauma og stefnur teikningu og myndlist
- grunnhugtökum sem tengjast fjármálum, viðskiptum og sköttum
- grunnhugtökum í sálfræði og heimspeki til að skoða eigin sjálfsmýnd og rýna í samfélagið og heiminn

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ræða faglega og gagnrýnið um teikningu, bæði eigin verk og annarra
- lesa og ræða um margvíslegt fræðiefni um teikningu í því skyni að dýpka skilning sinn á eðli fagsins
- taka þátt í umræðum um eigin verk og verk annarra
- tjá hugmyndir sínar í samræðu
- rýna í samfélagið og umhverfið og safna kveikjum og hugmyndum til að vinna með síðar
- greina stefnur og strauma og taka afstöðu til málefna liðandi stundar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka faglega og gagnrýna afstöðu í umræðu um eigin verk og annarra
- vitna til fræðilega kenninga í umræðu um teikningu
- beita helstu hugtökum sem notuð eru í fræðikenningum sem fjalla um strauma, stefnur og listaverk
- gera sér skýra mynd af hlutverki sínu sem listamaður og manneskja og þeim margvíslegu möguleikum sem í því felst

Námsgrein: Módelteikning

MÓDE4MU08 Maður og umhverfi

Lýsing

Í áfanganum gefst nemandanum kostur á að þjálfa teiknihæfni sína með því að teikna eftir fyrirmynd í því augnamiði að auka færni sína í að teikna skáldaðar persónur og ímyndað rými og umhverfi, án fyrirmyndar. Grunnhugtök teikningarinnar, form, lína, ljós og skuggi, áferð, hlutföll, þyngdarpunktur og rými liggja til grundvallar. Ýmist er unnið með hluti, uppstillingu, módel eða umhverfi og er áhersla lögð á rétt hlutföll, góða stöðu módel, fjarvídd í rými og að innra samræmis gæti í teikningunni. Nemandinn er jafnframt hvattur til að efla tjáningu sína og túlkun í teikningu. Teikningin og hlutverk hennar er skoðað í sögulegu samhengi.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- aðferðum til að koma mynd af rými fyrir á tvívíðum fleti með sannfærandi hætti

- anatómískri byggingu líkamans
- fjölbreyttum áhöldum, aðferðum og tæknibrögðum sem notuð er við teikningu
- þróun teikningarinnar í ljósi sögunnar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina og teikna upp form og hlutföll í hlut, uppstillingu eða umhverfi
- teikna módel í rými
- byggja upp mynd með blæbrigðaríkri beitingu línu, ljóss og skugga

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- teikna sannfærandi mynd í réttum hlutföllum af fyrirmynd í umhverfi
- beita blæbrigðum línu, ljóss og skugga til að skapa andrúmsloft í teikningu
- teikna mannlíkama í sannfærandi hlutföllum og líkamsstöðu án þess að styðjast við módel sem fyrirmynd
- gera sér grein fyrir mikilvægi módelteikningarinnar í þjálfun og símenntun teiknarans

MÓDE4MÓ02 Módelmótun

Lýsing

Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á þeim þáttum sem mestu skipta við mótun mannlíkama. Nemendur móta leir eftir lifandi módeli og tileinka sér aðferðir til að mæla hlutföll mannlíkamans. Ýmist eru mótaðar styttri stöður módelis þar sem áherslan er á heildarsýn eða lengri stöður sem útheimta vandaðri mælingar og meiri nákvæmni. Nemendur skoða dæmi úr listasögu og samtíma um það hvernig mannlíkaminn hefur verið ríkjandi viðfangsefni myndlistarmanna og hönnuða í gegnum tíðina.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- aðferðum til að mæla stærðir og hlutföll og byggja upp mynd af líkamanum
- formum og þrívíddarhugsun í módelmótun
- dæmum úr listasögunni þar sem módel er ráðandi þáttur

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- mæla hlutföll mannlíkamans og sjá og skilgreina form hans
- móta mannlíkamann á sannfærandi hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- móta þrívíða mynd af módeli með sannfærandi hætti
- greina og ræða um ólík dæmi úr listasögunni þar sem módel er ráðandi þáttur

MÓDE4MT05 Anatómía

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn dýpki hæfni sína í módelteikningu en líkaminn er eitt mikilvægasta viðfangsefni teiknarans til að efla og viðhalda teikniþjálfuninni. Í áfanganum fer fram dýpri anatómísk skoðun og rannsókn á einstökum líkamshlutum. Lögð er áhersla á tilraunir og notkun fjölbreyttra verkfæra og tækja. M.a. er unnið með ýmsar grafískar aðferðir og tilraunir gerðar með ýmis verkfæri til að draga fram mismunandi andrúmsloft s.s. klæði, ljós og skugga og kontrasta og liti.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ólíkri birtingarmynd líkamans eftir stöðu líkamans og sjónarhorni þess sem á horfir
- helstu anatómísku þáttum í byggingu mannlíkamans
- áhrifum ljóss, skugga, leikmuna og klæða í umhverfi módelisins á andrúmsloft í teikningu
- fjölbreyttum áhöldum, aðferðum og tæknibrögðum sem notuð er við teikningu og myndvinnslu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina og teikna upp form og hlutföll mannlíkamans
- teikna módel í rými
- byggja upp mynd með blæbrigðaríkri beitingu línu, ljóss og skugga
- vinna sjálfstætt með sínar teikningar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- teikna sannfærandi mynd í réttum hlutföllum af fyrirmynd í umhverfi
- beita blæbrigðum línu, ljóss og skugga til að skapa andrúmsloft í teikningu
- geta notað fjölbreytta tækni til að búa til sannfærandi mynd
- gera sér grein fyrir mikilvægi módelteikningarinnar í þjálfun og símenntun teiknarans

Námsgrein: Möppugerð

MAPP4SF04 Starfspróun, myndvinnsla og ferilmappa

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn tileinki sér aðferðir til að halda utan um eigin náms- og starfsferil og hafa yfirsýn yfir eigin verk. Nemandinn fær leiðsögn í að taka myndir af verkum sínum og vinna með þær á viðeigandi hátt. Unnið er með myndvinnsluforrit sem gera kleift að lagfæra myndir og helstu hugtök

sem notuð eru um vinnuna eru kynnt. Nemandinn fær leiðbeiningar um hvernig skanna á myndir og meðhöndla skrár ásamt því að vista verk sín með hliðsjón af því verkefni sem unnið er að hverju sinni og fyrir hvaða miðil það er ætlað. Nemandinn fær aðstoð við að hanna möppu, setja upp ferilskrá og rita texta um eigin námsferil og verk. Fjallað er um höfundarrétt og siðfræði myndhöfunda. Áhersla er lögð á persónuleg vinnubrögð og að nemandinn leggi sjálfstætt mat á eigin vinnu og velji lykilverk til að koma á framfæri í möppu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi aðferðum við að ljósmynda verk eftir eðli þeirra
- helstu verkfærum og eiginleikum myndvinnsluforrita
- mikilvægum þáttum í frágangi mynda, s.s. upplausn og skráarsniði
- helstu hugtökum sem notuð eru um myndvinnslu í tölvu
- mikilvægi þess að halda skrá um verkefni og verk
- fjölbreyttum aðferðum við að hanna möppu
- mikilvægi þess að velja gott úrval verka í möppu
- réttindum og skyldum myndhöfunda

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ljósmynda verk sín
- vinna með myndir í myndvinnsluforriti
- skanna myndir og vista á réttu sniði með hliðsjón af verkefni og miðli
- beita viðeigandi hugtökum í umfjöllun um myndvinnslu í tölvu
- halda utan um og skrá verk sín
- hanna möppu
- setja upp ferilskrá og skrifa yfirlýsingu listamanns

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nota myndvinnsluforrit við vinnslu, flutning og geymslu mynda
- velja lykilverk úr eigin verkum til að setja í möppu
- hanna möppu sem hentar eigin verkum
- afla nýrra verkefna á grundvelli starfsferils síns
- umgangast verk annarra höfunda á heiðarlegan og löglegan hátt
- þekkja styrk sinn og huga að eigin starfsþróun

Námsgrein: Náms- og starfsval

NÁMS4NF05 Námsferð

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn öðlist góða yfirsýn yfir eigin starfsmöguleika og frekari námstækifæri að loknu námi á brautinni. Nemandinn tekur þátt í ferð til eins eða tveggja landa í Evrópu og heimsækir skóla, söfn, sýningar, gallerí og fyrirtæki sem tengjast greininni. Nemandinn fær innsýn í samskiptaferla innan greinarinnar og tækifæri til að eiga samskipti um fagið á erlendu tungumáli. Áhersla er lögð á markvissan undirbúning og úrvinnslu upplýsinga úr námsferðinni.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjölbreyttum menningarstofnunum á sviði myndlistar, hönnunar og listhandverks, s.s. skólum, söfnum og fyrirtækjum
- mikilvægi þess að kynna sér náms- og starfsframboð erlendis
- ýmsum samskiptaferlum sem tíðkast innan greinarinnar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna persónulega ferðafrásögn byggða á heimildaröflun og skrásetningu á hughrifum
- ræða á erlendu tungumáli um fagið við fagfólk innan greinarinnar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- setja sér raunhæf markmið um nám og störf í framtíðinni, bæði hérlendis og erlendis

Námsgrein: Saga

SAGA4FT04 Saga teiknilistarinnar

Lýsing

Viðfangsefni áfangans er þróunarsaga teiknilistarinnar. Nemandinn rannsakar fjölbreyttar undirgreinar teikningarinnar svo sem myndasögur, skopmyndir og fleira og kynnir sér fræðilegar kenningar sem varða teikninguna sem listgrein. Nemandinn öðlast þjálfun í myndgreiningu, myndlæsi og túlkun. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á teikninguna í víðu samhengi lista og menningar, stjórnmála, efnahagsþróunar og ríkjandi hefða í samfélaginu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægustu áföngum í sögu teiknilistarinnar
- helstu kenningum sem varða teikninguna sem listform
- samhengi menningarlegra, hugmyndalegra og efnahagslegra þátta við tæknilega þróun í teikningu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota viðeigandi hugtök til að útskýra stefnur og hreyfingar í teikningu og myndlist
- vitna til fræðikenninga við greiningu á teikningum
- tengja þróun teiknilistarinnar við efnahag og tæknilega þróun samfélags
- greina og túlka teikningu í menningarsögulegu samhengi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina samfélagslegan og pólitískan bakgrunn teikningar
- fjalla um hlutverk teikningarinnar og myndlistar almennt í alþjóðlegu menningarsamhengi
- nýta heimildir og fjalla á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt um verk teiknara
- draga sjálfstæðar ályktanir um þróun teiknilistarinnar og rökstyðja skoðanir sínar með því að vísa til verka lista- og fræðimanna

SAGA4FH02 Saga hreyfimynda

Lýsing

Hreyfimyndin og saga hennar er viðfangsefni áfangans. Teiknimyndin og þróun tæknibragða í teikni- og hreyfimyndum er til skoðunar. Fjallað er um teiknimyndina sem sjálfstætt listform ein einnig eins og hún birtist í fjölbreyttu annarskonar samhengi, s.s. í tölvuleikjum og smáforritum, sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Viðfangsefnið er skoðað í ljósi sögunnar og rýnt í verk ólíkra listamanna og framleiðenda. Nemandinn lærir að greina ýmis listbrögð sem beitt er við gerð hreyfimynda og tölvuleikja.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þróun teikningarinnar með hliðsjón af færni listamanna í að fanga hreyfingu í teikningu
- sögu og þróun teikningarinnar eftir tilkomu tölvutækninnar
- ýmsum listbrögðum sem beitt er við gerð hreyfimynda og tölvuleikja

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- bera saman verk ólíkra listamanna og framleiðenda á sviði hreyfimynda
- greina fjölbreytt stílbrögð í hreyfimyndum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fjalla um teikningu í sögulegu samhengi og gera sér grein fyrir áhrifum stafrænnar tækni á vinnu teiknarans

•

Námsgrein: Teikning

TEIK4EA09 Myndheimur

Lýsing

Í áfanganum er tekist á við teikninguna sem tjáningarmiðil og unnið með öll helstu áhöld, aðferðir og tæknibrögð sem teiknarinn nýtir í starfi sínu. Nemandinn kynnist jafnframt ýmsum grafískum aðferðum og gerir tilraunir með lit og litameðferð. Markmið áfangans er að nemandinn stækki og styrki myndheim sinn, efli persónulega hæfni til myndsköpunar og auki færni í að þróa hugmynd að fullunnu verki. Lögð er áhersla á að nemandinn kynnist bæði kostum einstaklingsvinnu og samvinnu í verklegri teiknivinnu. Fjallað er um táknafræði og sálfræði lita og nemandinn kynnist þróun hugmynda sem m.a. birtist í fjölbreyttri myndgerð í gegnum mannkynssöguna.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- teikningunni sem sjálfstæðum tjáningarmiðli
- grundvallaraðferðum, áhöldum og tækjum sem teiknarinn nýtir í starfi sínu
- samhenginu milli ríkjandi hugmynda í samfélaginu og myndsköpun
- þróun og stöðu teikningarinnar í sögu og samtíma

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita fjölbreyttum aðferðum, verkfærum, efni og tækni í teikningu
- velja pappír, litarefni og vinnuaðferð sem hentar hugmynd
- beita áhrifamætti ljóss og litar til að skapa andrúmsloft í mynd
- þróa hugmynd að niðurstöðu
- deila hugmyndum sínum með öðrum og vinna í hóp

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita helstu aðferðum, áhöldum og tækjum sem teiknarinn nýtir í starfi sínu og leiða vinnu sína til lykta í fullunnu verki
- bæta myndsköpun sína með hugmyndavinnu og þekkingu á táknafræði, sögu og menningu
- deila hugmyndum og vinna með öðrum

TEIK4MF11 Frásögn

Lýsing

Markmiðið með áfanganum er að nemandinn öðlist þjálfun í að beita fjölbreyttum aðferðum til að tjá frásögn með myndrænum hætti. Nemandinn kynnist m.a. frásagnargrind (story board) sem er einföld, myndræn leið til að teikna upp framvindu í frásögn og staðsetja persónur í tíma og rúmi þeirrar sögu sem verið er að segja. Nemandinn nýtir hugmyndaspuna og fleiri sköpunarleiðir við að myndgera hugmyndaheim og karaktera. Nemandinn kynnist fjölbreyttu starfssviði teiknarans s.s. því að teikna myndir til nánari skýringar á ýmiskonar efni sem fellur undir vísindi og fræði og vinnur þá með aðferðir sem fela í sér mjög nákvæma heimildaöflun, jafnvel í samstarfi við fræðimenn á viðkomandi sviði. Nemandinn kynnist viðmiðum sem gilda, t.d. í tengslum við námsbókaútgáfu og öðlast þjálfun í að finna staðgóðar heimildir í myndaböndum, bæði á neti og í bókum. Einnig kynnist nemandinn letri, bæði grundvallarþáttum í meðferð leturs í grafískri hönnun en einnig sögu þess og þróun. Áhersla er lögð á að nemandinn eigi í faglegu samtali og samstarfi við samnemendur í verklegri vinnu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugmyndaspuna sem vinnuaðferð, í hóp- eða einstaklingsvinnu
- fjölbreyttum aðferðum til að segja sögu með myndum
- sögu og þróun leturs
- handgerðu letri sem myndrænum miðli
- vægi umbrots í heildarmynd bókar
- frásagnargrind sem aðferð til að teikna upp framvindu í sögu
- mikilvægi nákvæmrar heimildavinnu við myndskýringar fyrir ýmsar fræðigreinar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- segja sögu með myndum
- nýta fjölbreyttar kveikjur í vinnu við myndræna frásögn
- myndskreyta ólík verkefni á margvíslegan hátt
- nýta fjölbreyttar heimildir við undirbúning að teikningu
- leita nákvæmra og staðgóðra heimilda í myndaböndum á neti og í bókum
- vinna á listrænan hátt með letur
- setja saman myndir og texta í umbroti

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skapa og teikna hugmyndaheim eftir frásögn
- skapa og teikna sannfærandi persónur eftir frásögn
- setja fram söguþráð með röð teikninga
- teikna lýsandi myndir til skýringar á fjölbreyttu efni fyrir ólíka markhópa
- lýsa ákveðnu ferli eða verklagi á skýran hátt með teikningu

TEIK4HR12 Hreyfing

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn kynnist helstu aðferðum við hreyfimyndagerð og öðlist þjálfun í að koma hreyfingu til skila í hreyfimynd. Kynntar eru mismunandi gerðir frásagnarmyndraða sem hæfa ólíkum verkefnum. Nemandinn vinnur ýmist með tví- eða þrívíða miðla við að skapa persónur og rými, s.s. teikningu eða leir eða annað mótanlegt efni. Nemandinn heldur áfram að dýpka færni sína í teikningu mannlíkamans og fær þjálfun í að setja saman söguþráð, teikna myndrænt handrit, greina og teikna lykilramma verkefnisins og greina markhóp verks. Nemandinn dýpkar þekkingu sína á tölvunni sem verkfæri teiknarans og kvikara, kynnist helstu forritum sem notuð eru við gerð hreyfimynda, tölvuleikja, smáforrita og við tölvuvinnslu fyrir sjónvarp og kvikmyndagerð. Nemandinn kynnist mikilvægi tímasetninga og takts við framköllun hreyfingar og kynnist helstu aðferðum og tækni við gerð hljóðmynda. Enn fremur fær nemandinn innsýn í leikjafræði. Sérstök áhersla er lögð á vandaðan lokafrágang og að við val á vistunaraðferð sé tekið mið af eðli verkefnis og því hlutverki sem því er ætlað. Áhersla er lögð á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð, listræna vinnu við söguþráð og persónusköpun, gæði í myndvinnslu og leikjafræðilega útfærslu gagnvirkra þátta.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hreyfingum líkamans og ólíkum birtingarmyndum hans eftir líkamsstöðu og sjónarhorni
- aðferðum til að skapa rými í hreyfimynd, bæði með fjarviddarteikningu og gerð líkans
- ýmsum aðferðum við að skapa frásagnamyndröð
- vægi tímasetningar og takts í hreyfiferlum
- grundvallaratriðum við gerð hljóðmynda
- helstu tölvuforritum sem teiknarar nota við vinnu sína í heimi tölvuleikja, smáforrita, sjónvarps og kvikmynda
- helstu aðferðum við skjalavistun með hliðsjón af eðli verkefnis
- starfsumhverfi í tölvuleikjagerð
- leikjafræði í gagnvirkum tölvuleik aðferðum til að koma mynd af manneskju eða hlut á hreyfingu á tvívíðum fleti með sannfærandi hætti

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- móta þrívíðar persónur eftir teikningu
- skapa sviðsmynd fyrir hreyfimynd og framkalla rými með því að búa til líkan eða nýta þekkingu sína á fjarviddarteikningu
- greina og teikna einfaldan hreyfiferil fyrir teiknimynd eða myndaröð
- nota tímasetningar og takt við framköllun hreyfingar í hreyfimynd
- vinna með hljóð og hljóðforrit við gerð hreyfimynda
- teikna hluti og líkama á hreyfingu
- móta hugmynd að verkefni og útfæra að lokaniðurstöðu
- vinna með teikningu í hreyfimynd

- greina og teikna lyknilramma í handriti
- fullvinna stutta hreyfimynd í tölvu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skapa persónur og sviðsmynd með mótun eða teikningu og búa til hreyfimynd
- vinna með samspil hljóðs og myndar í tölvuunninni hreyfimynd

TEIK4SV12 Samvinna

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn kynnist þeim mikilvæga þætti í starfi teiknarans sem felst í skapandi samstarfi við annan höfund. Jafnframt fær nemandinn innsýn í samstarf við ritstjóra, listræna stjórnendur, fræðimenn, útgefendur og aðra sem koma að verkefnum. Nemandinn vinnur ýmist með einum höfundi eða í hópi að því að skapa verk eða sögu og velja aðferð, efni og áhöld með hliðsjón af markhópi verkefnis. Nemandinn öðlast þjálfun í að greina atriði og atburði sem mikilvægt er að myndskreyta. Nemandinn dýpkar þekkingu sína á aðferðum myndasögugerðar og kynnist ýmsum grafískum aðferðum sem auðga verkfærakistu hans, m.a. gefst tækifæri til frekari þjálfunar í vinnu með fjölbreytt tölvuforrit. Nemandinn öðlast þjálfun faglegum vinnubrögðum við tæknilegan frágang á verkefni til prentunar eða með öðrum hætti. Áhersla er lögð á að nemandinn rökstyðji hugmyndir sínar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- samstarfi teiknara og höfunda af ýmsu tagi
- fjölbreyttum möguleikum á framsetningu teiknaðs efnis
- fjölbreyttum aðferðum við að þróa hugmyndir
- möguleikum sem felast í nákvæmri heimildavinnu
- ýmsum grafískum aðferðum sem nýst geta í starfi teiknarans

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka þátt í samstarfi við annan höfund
- túlka hugmyndir í mynd
- velja teiknaðferð út frá markhópi tjá sig á greinargóðan hátt með teikningu
- nota fjölbreytt forrit og grafískar aðferðir

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skapa myndheim í samvinnu við annan höfund og finna verkefni réttan búning
- vinna sjálfstætt og skipulega með eigin hugmyndir og velja efni og aðferð sem hæfir verkefninu

- nýta grafíska miðla á skapandi máta við að koma hugmyndum á framfæri

Námsgrein: Verkstæði

VSTÆ4TM04 Myndheimur

Lýsing

Markmiðið er að nemandinn tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð á vinnustofu í samstarfi við annan höfund eða hóp höfunda. Nemandinn vinnur undir handleiðslu kennara en þróar um leið með sér sjálfstæðar vinnuaðferðir og skerpir eigin persónulega sýn. Nemandinn byggir vinnu sína á aðferðum, efnistöfum og tækni sem fjallað er um í áföngum annarinnar og speglar eigin áhugasvið í hugmyndavinnu og útfærslu. Áhersla er lögð á markvisst vinnuferli frá hugmynd til niðurstöðu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum í vinnu sjálfstætt starfandi teignara á vinnustofu eða með öðrum
- samhengis milli efnis, aðferðar og hugmyndavinnu
- mikilvægi gagnrýnnar afstöðu til eigin verka

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja efni og aðferðir sem henta persónulegum vinnubrögðum og hugmyndum
- vinna markvisst frá hugmynd til lokaniðurstöðu
- tileinka sér sjálfstæða og gagnrýna afstöðu til vinnu út frá persónulegri þekkingu á miðlinum
- nýta þekkingu á efni og aðferðum til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í hugmyndavinnu og útfærslu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með ólíka eiginleika mismunandi efna og beita fjölbreyttum aðferðum til að gera persónuleg verk
- taka afstöðu til viðfangsefnisins og ræða um það út frá gagnrýnu sjónarmiði
- setja eigin efnistöf í samhengi við hefðbundnar aðferðir í teikningu annars vegar og tækni og hugmyndir samtímans hinsvegar

fjalla um og rökstyðja eigin hugmyndir og vinnubrögð

VSTÆ4TF04 Frásögn

Lýsing

Markmiðið er að nemandinn tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð á vinnustofu. Nemandinn vinnur að eigin verkefni undir handleiðslu kennara en þróar um leið með sér sjálfstæðar vinnuaðferðir og skerpir eigin persónulega sýn. Nemandinn byggir vinnu sína á aðferðum, efnistöfum og tækni sem fjallað er um í áföngum annarinnar og speglar eigin áhugasvið í hugmyndavinnu og útfærslu. Áhersla er lögð á markvisst vinnuferli frá hugmynd til niðurstöðu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum í vinnu sjálfstætt starfandi listamanns á vinnustofu teignara
- samhengis efnis, aðferðar og hugmyndavinnu
- mikilvægi gagnrýnnar afstöðu til eigin verka

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja efni og aðferðir sem henta vinnubrögðum og hugmyndum
- vinna markvisst frá hugmynd til lokaniðurstöðu
- tileinka sér sjálfstæða og gagnrýna afstöðu til vinnu út frá persónulegri þekkingu á miðlinum
- nýta þekkingu á efni og aðferðum til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í hugmyndavinnu og útfærslu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með ólíka eiginleika mismunandi efna og beita fjölbreyttum aðferðum til að gera persónuleg verk
- taka afstöðu til viðfangsefnisins og ræða um það út frá gagnrýnu sjónarmiði
- setja eigin efnistöf í samhengi við hefðbundnar aðferðir í teikningu annars vegar og tækni og hugmyndir samtímans hinsvegar
- fjalla um og rökstyðja eigin hugmyndir og vinnubrögð

VSTÆ4TM04 Myndheimur

Lýsing

Markmiðið er að nemandinn tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð á vinnustofu. Nemandinn vinnur að eigin verkefni undir handleiðslu kennara en þróar um leið með sér sjálfstæðar vinnuaðferðir og skerpir eigin persónulega sýn. Nemandinn byggir vinnu sína á aðferðum, efnistöfum og tækni sem fjallað er um í áföngum annarinnar og speglar eigin áhugasvið í hugmyndavinnu og útfærslu. Áhersla er lögð á markvisst vinnuferli frá hugmynd til niðurstöðu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum í vinnu sjálfstætt starfandi listamanns á vinnustofu teignara

- samhengis efnis, aðferðar og hugmyndavinnu
- mikilvægi gagnrýnnar afstöðu til eigin verka

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja efni og aðferðir sem henta vinnubrögðum og hugmyndum
- vinna markvisst frá hugmynd til lokaniðurstöðu
- tileinka sér sjálfstæða og gagnrýna afstöðu til vinnu út frá persónulegri þekkingu á miðlinum
- nýta þekkingu á efni og aðferðum til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í hugmyndavinnu og útfærslu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með ólíka eiginleika mismunandi efna og beita fjölbreyttum aðferðum til að gera persónuleg verk
- taka afstöðu til viðfangsefnisins og ræða um það út frá gagnrýnu sjónarmiði
- setja eigin efnistöð í samhengi við hefðbundnar aðferðir í teikningu annars vegar og tækni og hugmyndir samtímans hinsvegar
- fjalla um og rökstyðja eigin hugmyndir og vinnubrögð

VSTÆ4TH04 Hreyfing

Lýsing

Markmiðið er að nemandinn tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð á vinnustofu. Nemandinn vinnur að eigin verkefni undir handleiðslu kennara en þróar um leið með sér sjálfstæðar vinnuaðferðir og skerpir eigin persónulega sýn. Nemandinn byggir vinnu sína á aðferðum, efnistöðum og tækni sem fjallað er um í áföngum annarinnar og speglar eigin áhugasvið í hugmyndavinnu og útfærslu. Áhersla er lögð á markvisst vinnuferli frá hugmynd til niðurstöðu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum í vinnu sjálfstætt starfandi listamanns á vinnustofu teiknara
- samhengis efnis, aðferðar og hugmyndavinnu
- mikilvægi gagnrýnnar afstöðu til eigin verka

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja efni og aðferðir sem henta vinnubrögðum og hugmyndum
- vinna markvisst frá hugmynd til lokaniðurstöðu
- tileinka sér sjálfstæða og gagnrýna afstöðu til vinnu út frá persónulegri þekkingu á miðlinum
- nýta þekkingu á efni og aðferðum til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í hugmyndavinnu og útfærslu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með ólíka eiginleika mismunandi efna og beita fjölbreyttum aðferðum til að gera persónuleg verk
- taka afstöðu til viðfangsefnisins og ræða um það út frá gagnrýnu sjónarmiði
- setja eigin efnistöð í samhengi við hefðbundnar aðferðir í teikningu annars vegar og tækni og hugmyndir samtímans hinsvegar
- fjalla um og rökstyðja eigin hugmyndir og vinnubrögð

VSTÆ4TS04 Samvinna

Lýsing

Markmiðið er að nemandinn tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð á vinnustofu. Nemandinn vinnur að eigin verkefni undir handleiðslu kennara en þróar um leið með sér sjálfstæðar vinnuaðferðir og skerpir eigin persónulega sýn. Nemandinn byggir vinnu sína á aðferðum, efnistöðum og tækni sem fjallað er um í áföngum annarinnar og speglar eigin áhugasvið í hugmyndavinnu og útfærslu. Áhersla er lögð á markvisst vinnuferli frá hugmynd til niðurstöðu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum í vinnu sjálfstætt starfandi listamanns á vinnustofu teignara
- samhengis efnis, aðferðar og hugmyndavinnu
- mikilvægi gagnrýnnar afstöðu til eigin verka

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja efni og aðferðir sem henta vinnubrögðum og hugmyndum
- vinna markvisst frá hugmynd til lokaniðurstöðu
- tileinka sér sjálfstæða og gagnrýna afstöðu til vinnu út frá persónulegri þekkingu á miðlinum
- nýta þekkingu á efni og aðferðum til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í hugmyndavinnu og útfærslu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með ólíka eiginleika mismunandi efna og beita fjölbreyttum aðferðum til að gera persónuleg verk
- taka afstöðu til viðfangsefnisins og ræða um það út frá gagnrýnu sjónarmiði
- setja eigin efnistöð í samhengi við hefðbundnar aðferðir í teikningu annars vegar og tækni og hugmyndir samtímans hinsvegar
- fjalla um og rökstyðja eigin hugmyndir og vinnubrögð

